

Námsgrein: Umsjónarkennsla

3. bekkur

Kennari: Harpa Lind Pálsdóttir og Ruth Ragnarsdóttir

Kennsluáðferðir og skipulag: Námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsgreinar og enska eru kenndar í samþættum þemaverkefnum eftir aðferðum Byrjendalæsis. Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Námsfni er aðlagð að þörfum hvers og eins nemenda. Rík áhersla er lögð á lestur á fjölbreyttan hátt og birtist hann í allri verkefnavinnu. Unnið er með Jákvæðan aga í daglegu starfi og eru skipulagðir bekkjarfundir í hverri viku þar sem lögð er áhersla á lýðræði, mannréttindi og jafnrétti, samskipti og samvinnu. Við skil á verkefnum eru notaðar fjölbreyttar og skapandi aðferðir. Heilbrigði og velferð nemenda er höfð að leiðarljósi í allri vinnu. Í stærðfræði er lögð áhersla á tungumál stærðfræðinnar og samvinnu nemenda við lausn verkefna. Unnið er í Sprotu, Stærðfræðispæjum, verkefnablöðum og stærðfræðileikjum. Aðgengi að námsgögnum er gott og áhersla er lögð á að nemendur geti fundið hvaða aðferð hentar þeim við nám.

Námsmat: Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir skólaárið með fjölbreyttum hætti.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Lestur og læsi í víðum skilningi fléttast inn í alla vinnu nemenda. Þeir lesa og túlka texta, myndir og tjá sig á fjölbreyttan hátt með aðferðum Byrjendalæsis.
Sjálfbærni	Nemendur læra að bera virðingu fyrir nátturu og samfélagi í nærumhverfi sínu.
Heilbrigði og velferð	Heilbrigði og velferð er höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Nemendur fá tækifæri til hreyfingar, félagsleiks og þjálfast í að hlúa að eigin velferð.
Lýðræði og mannréttindi	Jákvæður agi byggir á virðingu, samvinnu og samræðum. Nemendur fá að taka ákvarðanir saman og læra að allir hafa rétt til þátttöku og virðingar.
Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafnan möguleika til náms og þátttöku. Fjölbreytileiki og styrkleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum.
Sköpun	Nemendur fá að tjá sig á skapandi hátt í listum, leik og verkefnavinnu. Þeir þjálfast í myndunarafl og fá að þróa hugmyndir sínar í hvetjandi umhverfi.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil	Þema og námsefni	Námsgreinar og markmið
September 25. viðtöl 26. starfsdagur 29. Norðurþ.dagur	Samfélags- og náttúrugreinar - Helgi skoðar heiminn - Halló heimur 2 – Einu sinni var Stærðfræði - Tölur - Sproti 3a - Kafli 2, þriggja stafa tölur - Stærðfræðispæjarar 3 - Kafli 1, tölur Enska - Hús og heimili Jákvæður agi - Bekkjarsáttmáli - Störfin í bekknum - Sjálfstjórn: hvað er það/hvers vegna /tilfinningar /kveikjur/demparar/sjálfstjórnaræfingar - Hrós og þakkir Skimun: Lesfimi	Íslenska - Skrifar skýrt og læsilega. - Getur unnið með lýsingarorð. - Getur stigbreytt einföld lýsingarorð. Stærðfræði - Snýr tölustöfunum rétt. - Þekkir talnarunur og nágrannatölur. - Getur talið fram og aftur 0-100. + Enska - Hefur unnið með hugtök um hús og heimili.
Október 20. haustfrí 21. haustfrí	Samfélags- og náttúrugreinar - Ég sjálf/ur - Halló heimur – Sjálfsmýndin og mannslíkaminn - Halló heimur 2 – Líkami og sál, og Hver er ég? Stærðfræði - Reikningur 1 Sproti 3b - Kafli 11, samlagning og frádráttur (uppsett dæmi + og -)	Stærðfræði - Vinnur með öðrum. - Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn. - Getur lagt saman tveggja stafa tölur. - Getur fundið týndan þátt í samlagningu og frádrætti. - Þekkir hugtökin eining og tugur og getur unnið með þau. - Þekkir hugtökin hundrað og þúsund og getur unnið með þau. - Getur lagt saman með því að geyma.

	Stærðfræðispæjarar 2 - Kafli 3, reikningur Stærðfræðispæjarar 3 - Kafli 3, reikningur Enska - Líkaminn - Fjölskylduheiti - Tilfinningar Jákvæður agi - Sjálfstjórn - Að hafa heilann í hendi sér - Jákvæð einvera - Mistök eru tækifæri til að læra (að gera eða vera, V-A-L, Að biðjast fyrirgefningar og að taka afsökunarbeiðni) - Hrós og þakkir Skimun: Orðarún – lesskilningur og 20 orðin - stafsetning	- Getur dregið frá með því að taka til láns. - Getur skrifað tölurnar 0-1000. - Getur lesið tölurnar 0-1000. Enska - Hefur unnið með hugtök um líkamann - Hefur unnið með hugtök um fjölskylduheiti - Hefur unnið með hugtök um tilfinningar
Nóvember 17.-21. þemavika	Náttúru- og samfélagsgreinar - Fjallaverkefni Stærðfræði - Rúmfræði Sproti 3a - Kafli 5, rúmfræði – form í þrívídd - Kafli 8, samhverfa og speglun Stærðfræðispæjarar 2 - Kafli 2, rúmfræði - Kafli 2, form	Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst þekktustu fjöllum á Íslandi og unnið með þau. - Hefur fengið fræðslu um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi. Íslenska - Getur notað upphaf, meginmál og niðurlag í ritun. - Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun. - Notar bil á milli orða.

	Enska • Veður • Jákvæður agi • Sjálfstjórn - tilfinningahjól • Hrós og þakkir 1: að kynna ferlið, að gefa og þiggja • Hrós og þakkir 2: Að veita hrós og þakkir • Samskiptahæfni: - það pirrar mig ... og ég vildi óska - Ég-boð -virk og óvirk hlustun Þemavika • geimskip - himingeimurinn	Enska • Hefur unnið með orðaforða um verður
Desember 5. verkstæðisdagur 19. litli jól og jólafrí	Náttúru- og samfélagsgreinar - Jólin • Halló Heimur 2 – verum örugg Stærðfræði – klára • Ýmsir stærðfræðileikir og verkleg vinna. Enska • Matur og drykkir Jákvæður Agi • Samskiptahæfni (bls. 159 upprifjun og æfingar) • Leitað lausna (af hverju mikilvægt?) • Fjórar hugmyndir að lausnaleyti • Lausnahjólíð • Lausnastaður • Hrós og þakkir	Náttúru- og samfélagsgreinar • Hefur kynnst merkingu og siðum aðventunnar. • Hefur kynnst sögunni um fæðingu Jesúbarnsins. Íslenska • Getur raðað orðum í stafrófsröð. • Þekkir uppbyggingu orða í málsgreinum og notar stóra stafi og punkta við gerð þeirra. Enska • Hefur unnið með orðaforða um mat og drykki.

Janúar 5. skipulagsdagur 30. skipulagsdagur	Flökkusaga stærðfræði - Fjölbreytt verkefni Sproti 3a: - Kafli 6, margföldun 1 - Kafli 7, deiling Sproti 3b: - Kafli 12, rúmfræði – horn Stærðfræðispæjarar 2 - Kafli 2, rúmfræði – form bls. 22-23 (mynstur) - Kafli 4, mælingar bls. 48-49 (flatarmál) Stærðfræðispæjarar 3 - Kafli 2, form bls. 17 (horn) - Kafli 3, reikningur bls. 32-37 (margföldun og deiling) Enska - Fatnaður Jákvæður agi - Upprifjun: sjálfstjórn - Gagnkvæm virðing: af hverju mikilvæg? Hvað læra nemendur? - Kalli krumpaði - Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum - Að virða fjölbreytileikann: - æfingar: öll dýrin í skóginum & upplifðu muninn - Hrós og þakkir Skimun: Lesfimi	Íslenska - Getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum á fjölbreyttan hátt. - Talar skýrt og áheyrilega. - Getur unnið með hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur. - Getur unnið með sagnorð. - Getur unnið með samsett orð. Stærðfræði - Getur unnið með deilingu. - Getur talið frá mismunandi upphafi. - Getur unnið með margföldun. - Getur gert endurtekin mynstur. (aukalega, ekki í kaflanum) - Getur fundið flatarmál með því að telja reiti. - Þekkir rétt, hvöss og gleið horn. Enska - Hefur unnið með orðaforða um fatnað.
--	--	---

Febrúar 16. Bolludagur 17. sprengidagur 18. Öskudagur	Íslenska - málfræði Stærðfræði - Reikningur 2 Sproti 3b - Kafli 13, almenn brot - Kafli 14, margföldun 2 - Kafli 15, reikningur (deiling) Stærðfræðispæjarar 3 - Kafli 1, tölur bls. 10-11 (almenn brot) Enska - Tölurnar upp í 20, tugi og hundruð Jákvæður agi - Upprifjun á sjálfstjórn - hvers vegna mikilvæg? - Heilinn í hendi sér - upprifjun - Að efla samvinnu: - Að kanna vald: Samvinna - Að joggla saman - Boltinn látinn ganga	Íslenska - Getur unnið með samheiti og andheiti. - Getur unnið með nafnorð. - Þekkir muninn á sérhljóðum og samhljóðum. - Getur unnið með sérnöfn og samnöfn. - Getur unnið með eintölu og fleirtölu nafnorða. Stærðfræði - Þekkir almennu brotin 1/2, 1/3, 1/4 og 1/5 - Getur unnið með deilingu. - Getur unnið með margföldun. - Vinnur með öðrum. - Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn. - Getur lagt saman tveggja stafa tölur. Enska - Hefur unnið með tölurnar upp í 20, tugi og hundruð.
Mars 2. viðtöl 3. skipulagsdagur 30. páskaleyfi	Íslenska - Ritun og stafsetning Stærðfræði – Tíminn og mælingar Sproti 3a - Kafli 4, tími Stærðfræðispæjarar 2 - Kafli 4, mælingar bls. 46-47 (klukkan) Stærðfræðispæjarar 3 - Kafli 4, mælingar bls. 46-47 (klukkan) Sproti 3a - Kafli 3, mælingar Stærðfræðispæjarar 2	Íslenska - Beitir reglunni um einfaldan og tvöfaldan samhljóða. - Getur notað upphaf, meginmál og niðurlag í ritun. - Þekkir uppbyggingu orða í málsgreinum og notar stóra stafi og punkta við gerð þeirra. - Skrifar skýrt og læsilega. - Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun. - Notar bil á milli orða. - Beitir reglunni um ritun n/nn í enda orða. - Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim. - Getur unnið með samheiti og andheiti.

	- Kaflí 4, mælingar bls. 42-45 Stærðfræðispæjarar 3 - Kaflí 4, mælingar bls. 40-43 Náttúru- og samfélagsgreinar - Páskar og trúarbragðafræði - Regnboginn, páskar - Trúarbrögðin okkar Halló heimur –Trú Enska - Litirnir Jákvæður Agi - Mistök og hvernig við leiðréttum þau - Mistök: að gera eða vera - Mistök og viðbrögð við þeim - Lærum af mistökum: V-A-L - Sjálfstjórn & heilinn í hendi sér - Hrós og þakkir Skimun: Orðarún – lesskilningur og 20 orðin - stafsetning	Stærðfræði - Þekkir heilu og hálfu tímana á skífuklukku. - Kann á klukku. - Þekkir árstíðirnar og röð þeirra. - Þekkir mánuðina og röð þeirra. - Þekkir vikudagana og röð þeirra. - Getur skráð í og lesið úr tíðnitöflum og súluritum. - Getur gert einfaldar kannanir og birt niðurstöður í myndriti. - Getur mælt með stöðluðum mælingum s.s. metrastiku, reglustiku og málbandi. - Þekkir m og cm. Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst atburðum dymbilviku og páska. - Hefur kynnst sögunni um krossfestingu og upprisu Jesú. - Hefur kynnst ólíkum siðum og venjum trúarbragðanna. Enska Hefur unnið með litina.
Apríl 23. sumard. fyrsti 24. vetrarfrí	Náttúru- og samfélagsgreinar - Heimabyggðin okkar frá landnámi Halló Heimur 2 – Landnám Íslands Stærðfræði – klára ýmisleg verkefni Jákvæður Agi - Hugstormun - Hlutverkaleikur	Náttúru- og samfélagsgreinar - Hefur kynnst sögu heimabyggðar frá landnámi. - Hefur kynnst þróun byggðar frá landnámi. - Hefur kynnst gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú. - Hefur kynnst landnotkun í heimabyggð og þróun hennar frá upphafi. Íslenska - Getur unnið með sagnorð.

	• Tilfinningavitund • Hrós og þakkir	• Getur unnið með samsett orð.
Maí 14. uppst.dagur 15. skipulagsdagur	Náttúru- og samfélagsgreinar - Náttúran okkar - lífverur Halló Heimur 2 –Fuglar og villt spendýr Stærðfræði - Tölfræði og hnitakerfi Sproti 3a • Kafli 5, upplýsingar og tölfræði Stærðfræði spæjarar 2. • Kafli 5, tölfræði og hnitakerfi Stærðfræði spæjarar 3 • Kafli 5, tölfræði og hnitakerfi Enska • Dýr Jákvæður Agi • Sáttmálar endurskoðaðir • Sjálfstjórn • Tilfinningavitund • Mistök - Að biðjast fyrirgefningar og að taka við afsökunarbeiðni Skimun: Lesfimi	Náttúru- og samfélagsgreinar • Hefur kynnst lífverum í náttúrulegu umhverfi. Hefur kynnst einkennum lifandi vera. • Hefur kynnst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu. • Hefur kynnst fæðukeðjum. Íslenska • Getur raðað orðum í stafrófsröð. • Skrifar skýrt og læsilega. Stærðfræði • Getur skráð í og lesið úr tíðnitöflum og súluritum. • Getur gert einfaldar kannanir og birt niðurstöður í myndriti. Enska • Hefur unnið með hugtök um dýr
Júní	Aukin áhersla á útiveru	

Jákvæður agi**Markmið að nemandi:**

- Áttar sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna
- Getur lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Getur borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- Getur bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Gerir sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur
- Sýnir tillitssemi og umhyggju í lei og starfi
- Getur hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir
- Áttar sig á og getur lýst tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði
- Sýnir tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- Getur tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmum hætti
- Getur tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningahópi.
- Gerir sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Setur sig í spor annarra jafnaldra.